



KSS-ingar á Sandfelli á haustskólamáti 2017

Pistill formanns KSH

Kæri lesandi.

Starfsemi KSH lætur ekki alltaf mikið yfir sér. Enda er henni í raun ekki ætlað að gera það. Meginþátturinn er að sjálfsgöðu starfsemi KSS og KSF. Í þessu fréttabréfi viljum við einmitt beina augum ykkar að þeirri starfsemi og segja frá því mikla starfi sem unnið er í félögunum.

Við erum líka mörg sem eigum góðar minningar úr starfi KSS og KSF, hvernig boðskapur Krists var fluttur og trúin tók sér stað í hjörtum okkar. Mér hlýnar um hjartarætur þegar ég hugsa til árána í KSS og bið þess að sem flest ungmenni fái að kynnast Kristi í starfi samtakanna.

Í þessu samhengi hefur KSH eitt grunnverkefni og það er að ráða starfsmann til að aðstoða og taka þátt í starfi KSS og KSF. Það er mikilvægt að hafa góðan starfsmann sem sinnir boðun, sálgæslu,



mikilvægri skipulagningu sem og aðstoð við ungmennin sem mörg eru að byrja að feta sig áfram í trúarlífinu sem og í félagsstörfum. Undanfarið ár hefur verið lægð í starfi KSS, nú merkjum við aukna þátttöku í starfi félagsins og þar hefur núverandi stjórn unnið einstaklega öflugt starf. Það eru ungir krakkar í stjórn KSS í dag og þá verður hlutverk starfsmannsins enn meira og mikilvægara en oft áður. Að sama skapi hefur verið lægð í starfi KSF og við biðjum þess að þar verði líka vakning.

Við í KSH erum sannarlega blessuð með skólaprestinn, sr. Ólaf Jón Magnússon, sem rækir starf sitt af mikilli trúmennsku. Ég hvet ykkur til þess að biðja fyrir honum. Eins og oft hefur komið fram áður

er fjárhagsstaða KSH ekki traust, en við gleðjumst yfir auknum styrkjum t.d. frá Kirkjumálasjóði sem og SÍK en um leið treystum við mikið á frjáls framlög frá einstaklingum. Það eru margir sem taka þátt í gjafakerfi KSH en við þyrftum að stækka það á komandi árum. Hér í blaðinu má finna upplýsingar um hvernig er hægt að styrkja starfsemi KSH á föstum grunni.

Í ár förum við þess einnig á leit við ykkur öll, sem takið á móti Tengli, að gefa jólagjöf til KSH. Allir hafa fengið valgreiðslu í heimabankann upp á 2500 kr. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að styrkja starfsemina með þessu framlagi.

Um leið og ég þakka þér fyrir að fylgjast með starfsemi hreyfingarinnar óska ég þér gleðilegra jóla.

Práinn Haraldsson
formaður KSH



„Pitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.“

Sálmur 119.105.

Uppáhaldsvers Benedikts Guðmundssonar, 16 ára nema í Verzlunarskóla Íslands og samfélags- og tónlistarfulltrúa KSS.

Ferðalög skólaprests

Dagana 15.-19. maí dvaldi skólaprestur í Bischofsheim an der Rhön í Þýskalandi í boði Kristilegu skólahreyfingarinnar í Noregi. Þar var haldinn árlegur fundur leiðtoga evrópsku skólahreyfinganna skipulagður af IFES (International Fellowship of Evangelical Students) sem KSH er aðili að. Skólapresti þótti afar gagnlegt að kynna samstarfsfólki sínu í öðrum löndum og læra þar af þeim.

Í nóvember sótti skólaprestur síðan ráðstefnu FEUER (Fellowship of Evangelists in the Universities of

Europe) í Prag en FEUER-samtökin starfa náið með IFES í Evrópu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna nýjum aðferðum í boðun fagnaðarerindisins í háskólum sem heimfæra mætti á íslenska framhaldsskóla og háskóla. Ræðumenn á ráðstefnunni voru John Lennox, Os Guinness, Becky Pippert og Micheal Green. Að sögn skólaprests var ráðstefnan mjög lærdómsrík og hvetjandi: Það sem helst sitji eftir sé sú uppgötvun að fagnaðarerindið veitir starfinu kraft.



Heimsóknir frá Noregi

Dagana 26. september - 1. október dvaldi hér á landi níu manna hópur frá norska Biblíuskólanum Fjellheim frá Tromsø í Noregi. Leiðtogi hópsins var kennarinn Jørgen Storrvoll sem leitt hefur ferðir hingað síðustu ár. Hópurinn tók þátt í KSF-fundi og haustskólamóti KSS.

Stuttu seinna eða 10.-15. október kom síðan átta manna hópur frá Norsku skólahreyfingunni (NKSS) í fylgd leiðtoga Bjørn-Inge Furnes Aurdal og Silje Nordal Sylta sem bæði sóttu landið heim síðastliðinn janúar. Þau tóku þátt í KSF- og KSS-fundum ásamt því að



heimsækja hóp kristinna nemenda sem hittist vikulega í hádegishléum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar fyrir utan fór hópurinn í leiðangur í Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur með skóla-



Biblíuleshópur KSF

Skólaprestur hefur haldið utan um Biblíuleshóp á vegum KSF í haust. Hópurinn hittist hálfsmánaðarlega á fimmtudögum kl. 20 á skrifstofu Kristniboðssambandsins og mun halda áfram í janúar. Fyrri hluti Markúsarguðspjalls hefur legið fyrir og lesturinn og umræðurnar um efni hans láta engan ósnortinn.

presti og Eriku Onus, forsvarsmanni kristilega stúdentastarfsins Agape á Íslandi. Á skólasvæðinu voru spurningalistar um kristna trú lagðir fyrir nemendur og þannig gafst stúdentum kostur á að hugsa um trúarleg viðfangsefni og koma hugsunum sínum í orð. Oft sköpuðust áhugaverðar umræður um trúmál í kjölfarið og það er bæn okkar að þessi litli gjörningur mætti verða verkfæri Guðs til að snúa fólki til sín.

Um næstu páska er von á öðrum hópi frá NKSS og munu norsku gestirnir taka þátt í vorskólamóti KSS. Heimsóknir á borð við þessar hafa virkað hvetjandi fyrir starfið. Það fylgir því kraftur að hitta trússystkin sín frá öðrum löndum og heyra vitnisburði þeirra og sjá áhuga þeirra fyrir útbreiðslu fagnaðarerindisins.


„Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér nýjan stöðugan anda.“

Jósúabók 1.9.

Uppáhaldsvers Ásu Hrannar Magnúsdóttir, 15 ára nema í grunnskólanum NÚ og tækni- og kynningarfulltrúa KSS.



Nemendur hittast og biðja í MH



Í hádegishléinu á fimmtudögum hittist hópur kristinna nemenda við Menntaskólann í Hamrahlíð í stofu 18 þar. Oft eru þau 5-10 sem borða saman hádegismat, spjalla saman og biðja. Svona hópar hafa verið starfandi sjálfstætt í skólanum síðustu 15 ár og líklega mun lengur með hléum. Nú hefur hópurinn



þegið að vera í samstarfi við KSH og hefur skólaprestur heimsótt hópinn tvisvar í haust og hvatt meðlimi hans til dáða. Í byrjun nóvember tók hópurinn upp á því einn og óstuddur að skrifa tæplega þúsund post-it miða með skemmtilegum og jákvæðum skilaboðum. Miðunum var svo dreift um allan skólann ásamt rúmlega þúsund súkkulaðikossum. Uppátækið vakti mikla athygli innan skólans og fengu þau hrós frá skólameistararnum fyrir framtakið. Tilgangur uppátækisins var að vekja gleði og þannig sýna kristilegan kærleika í verki.



Þorláksmessustund

Hin árlega Þorláksmessustund KSH verður haldin í Friðrikskapelli að Hlíðarenda þann 23. desember næstkomandi kl. 23:30. Stundin er fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af jólavenjum margra, enda gefst þar tækifæri til að njóta kyrrðar og helgi jólanna sem oft týnist í þeysingi jólaundirbúnings.

Stundin stendur yfir í um 45 mínútur og verður með hefðbundnu sniði. Pétur Ragnhildarson, eldri fulltrúi KSS, flytur hugvekju og tónlistarfólk leiðir sálmasöng. Léttar veitingar verða í boði eftir stundina. Allir eru velkomnir.

Það er von KSH að hreyfingin mætti greiða fyrir stofnun fleiri slíkra hópa í framhaldsskólum landsins og einnig í háskólunum og að hreyfingin geti boðið þeim stuðning og hvatningu.

Aðalfundir KSH, KSS og KSF

Í apríl voru aðalfundir KSS og KSF haldnir sem og ársþing KSH. Helst er að fréttu að ekki tókst að finna fleiri en einn frambjóðanda til stjórnar KSF og því ákvað aðalfundur að gefa KSH umboð til þess að skipa bráðabirgðastjórn og nýja kjörnefnd.

Núverandi skipan stjórnar er eftirfarandi: Í stjórn KSH sitja sr. Þráinn Haraldsson formaður, Þóra Jenny Benónýsdóttir ritari, Hildur Kjartansdóttir gjaldkeri, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Henning Emil Magnússon. Vararmenn eru Gísli Jónsson og Bogi Benediktsson. Pétur Ragnhildarson, fulltrúi KFUM og KFUK og KSH í stjórn KSS, hefur einnig sæti í stjórn KSH ásamt einum fulltrúa

frá hvoru aðildarfélagi.

Í stjórn KSS sitja Sveinn Elliði Björnsson formaður, Davíð Guðmundsson ritari, Steinunn Anna Radha Másdóttir gjaldkeri, Ása Hrönn Magnúsdóttir tækni- og kynningarfulltrúi og Benedikt Guðmundsson tónlistar- og samfélagsfulltrúi.

Í bráðabirgðastjórn KSF sitja: Eline Elnes Rabbevág formaður, Áslaug Dóra Einarsdóttir gjaldkeri og Matthías Guðmundsson ritari.

Munum eftir þessu fólki með þakklæti í bænum okkar og biðjum Guð um að styrkja þjónustu þeirra og halda áfram að kalla hæfa sjálfbodaðiða í stjórnir félaganna.

Haustskólamót KSS

Helgina 29. september til 1. október var haustskólamót KSS haldið í Vindáshlíð. Þátttakendur voru um 50 manns, þar af voru 10 gestir frá norska biblíuskólanum Fjellheim. Norðmennirnir stóðu fyrir mörgum skemmtilegum leikjum og mörg þeirra deildu vitnisburði á samverustundunum. Leiðtogi hópsins, Jørgen Storvoll, var ræðumaður á mótinu ásamt sr. Ólafi Jóni og Perlu Magnúsdóttur. Yfirskrift mótsins var „Kærleikur Guðs“ og var fjallað um hvernig kærleikur Guðs til okkar birtist í Jesú Kristi og hvernig þessi kærleikur getur fengið að verka í okkur öðrum til góðs.



„Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“

Mattheusarguðspjall 25:40

Upphaldsvers Steinunnar Önnu Radha Másdóttur, 18 ára nema í FÁ og gjaldkera og bænafullrúa KSS.

Aukin þátttaka í KSS

Í síðasta blaði Tengils var sagt frá dvínandi þáttöku í KSS og framan af vori hélt sú þróun áfram. Ákveðinn viðsnúningur varð um páska þegar þátttaka á vorskólamóti fór fram úr væntingum og næstu fundir á eftir voru betur sóttir en verið hafði fram að því. Ný stjórn KSS lagði sig fram við kynningu í unglingaflokki í Vatnaskógi í sumar og þaðan hafa margir bæst við hóp KSS. Fram eftir hausti hafa oft verið 30-40 ungmenni á KSS-fundum og eru stjórn KSS og skólaprestur bjartsýn með framhaldið.



Viltu gefa KSH jólagjöf?

Allir viðtakendur Tengils hafa nú fengið valkröfu senda í heima-bankann sinn að upphæð 2.500 kr. Þar með gefst þeim lesendum sem það vilja auðveldur kostur á að gefa KSH jólagjöf. Fjármunirnir renna beint í starfsjóð KSH sem notaður

er til að greiða laun sr. Ólafs Jóns skólaprests en stærsta hlutverk hans er að styðja við starf KSS og KSF. Breyta má upphæð kröfunnar eftir hentugleika. Krafan fellur niður 1. febrúar sé hún ekki greidd.



Hvernig er hægt að styrkja KSH?

KSH hefur engar fastar tekjur og treystir á framlög velunnara félagsins og styrki frá prófastsdæmum og kristnisjóði. Árið 2016 voru gjafir einstaklinga til KSH samtals 1.531.576 kr. og stefnir í annað eins fyrir árið sem er að líða. Að baki þessum gjöfum standa tæplega 60 manns. Áætluð gjöld ársins 2017 eru aftur á móti 5 millj.kr. Þörfin fyrir meiri og

víðtækari stuðning er því augljós. Hafir þú tök á því að styðja við starf KSH með reglulegum greiðslum er einfaldast að fylla út eyðublað á heimasíðu KSH eða hafa samband við skólaprest í s. 616 6152 eða olafur.jon@ksh.is. Hægt er að velja á milli þess að greiða með kreditkortu eða greiðsluseðli. Einnig getur þú sjálf/ur stillt endurtekna milli-færslur til KSH á þínu svæði í

heimabankanum. Engin upphæð er of smá því safnast þegar saman kemur.

Reikningur KSH: 0117-26-119105
Kennitala: 510479-0259

Kærar þakkir fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!